

İletmiş gegen Tyrklandi

Dómur frá 6. desember 2005

Mál nr. 29871/96

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Málsmeðferð innan hæfilegs tíma. Ferðafrelsi. Svípting vegabréfs.

1. Málsatvik

Kærandi, Nazmi İletmiş, er tyrkneskur ríkisborgari, fæddur 1953. Árið 1975 fór hann til Þýskalands í háskólanám. Þar giftist hann konu, einnig tyrkneskum ríkisborgara, árið 1979 og áttu þau tvö börn saman, fædd 1981 og 1986, sem gengu í skóla í Þýskalandi.

Árið 1984 hófst opinber rannsókn gegn kæranda í Tyrklandi þar sem hann var sakaður um að vinna gegn hagsmunum tyrkneska ríkisins á erlendri grund. Hann var grunaður um að vera meðlimur í Félagi tyrkneskra námsmanna og hliðhollur samtökum Kúrda. Jafnframt var hann grunaður um að hafa tengsl við HEVRA (evrópsk samtök Kúrda um tyrkneska byltingu) og að vera einn af leiðtogum KOMKAR (samband verkamanna frá Kúrdistan).

Kærandi var handtekinn 21. febrúar 1992 þegar hann var staddur í Tyrklandi í heimsókn hjá fjölskyldu sinni. Vegabréf hans var gert upptækt og hann var í haldi lögreglu í sjö daga. Hann var látinn laus 27. febrúar en vegabréfinu var þó ekki skilað til hans. Í kjölfar handtöku kæranda kom fjölskylda hans frá Þýskalandi til Tyrklands.

Í apríl 1992 var kærandi ákærður fyrir aðskilnaðaraðgerðir gegn ríkinu og var gert að koma fyrir rétt í Tyrklandi. Meðan á réttarhöldunum stóð sótti hann nokkrum sinnum um vegabréf til embættis héraðsstjóra. Þeim umsóknum var hafnað. Honum var sagt að honum yrði afhent vegabréfið ef hann gæti framvísað skjali frá dómstólum sem staðfesti að það væri ekkert því til fyrirstöðu að hann yfirgæfi Tyrkland meðan á réttarhöldunum stæði. Þegar hann sótti hins vegar um slíkt skjal til dómstólsins fékk hann þau svör að rétturinn gæti aðeins vottað réttarhöldin yfir honum stæðu enn yfir.

Þar sem ekki voru næg sönnunargögn gegn kæranda var hann sýknaður af dómstólum 1. júlí 1999. Að því búnu var gefið út vegabréf handa honum og hann sneri aftur til Þýskalands ásamt fjölskyldu sinni. Hann er núna búsettur í Tyrklandi ásamt eiginkonu sinni, en uppkomin börn þeirra búa í Þýskalandi.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólum

Kæran

Kærandi taldi að lengd réttarhaldanna yfir honum hefði brotið gegn réttindum hans skv. 1. mgr. 6. sáttmálans. Jafnframt taldi hann að bannið við því að hann yfirgæfi Tyrkland hefði brotið gegn 8. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Um 1. mgr. 6. gr.: Dómstóllinn leit til þess að meðferð málsins tók um 15 ár á einu dómstigi. Í ljósi málsatvika var talið að sá tími væri fram úr hófi og gæti ekki talist „hæfilegur tími“ í skilningi 1. mgr. 6. gr. Dómstóllinn komst því að þeirri einróma niðurstöðu að brotið hefði verið gegn 1. mgr. 6. gr.

Um 8. gr.: Dómstóllinn taldi að svípting á vegabréfi kæranda takmarkaði friðhelgi einkalífs hans, sérstaklega í ljósi þess að nán persónuleg tengsl sem kærandi hafði biðu tjón af því að hann hafði ekki vegabréf. Dómstóllinn taldi að mælt hefði verið fyrir um takmörkunina í lögum og að með henni hefði verið stefnt að lögmætu markmiði.

Dómstóllinn tók þá til skoðunar hvort inngripið hefði verið „nauðsynlegt í lýðræðislegu þjóðfélagi“ og leit til þess að á því 15 ára tímabili sem réttarhöldin stóðu yfir voru aldrei nein sönnunargögn meðal gagna málsins sem bentu til þess að um almannahættu eða hættu á afbrotum væri að ræða. Þar að auki var kærandi ekki á sakaskrá og var á endanum sýknaður. Að síðustu leit

dómstóllinn til persónulegra haga kæranda og fjölskyldu hans þegar hann var búsettur í Þýskalandi og þeirrar óvissu sem hinar ótímabundnu aðgerðir voru til þess fallnar að valda í lífi þeirra.

Dómstóllinn leit til þess að ferðafrelsi, sérstaklega yfir landamæri, væri mikilvægur þáttur eðlilegs einkalífs, sérstaklega fyrir fólk eins og kæranda sem átti hafði fjölskyldu-, atvinnu- og fjárhagsleg tengsl við fleiri en eitt ríki. Taldi dómstóllinn því að þegar það frelsi væri skert af ríkinu án rökstuddrar ástæðu hefði ríkið brugðist skyldum sínum.

Dómstóllinn taldi að viðvarandi farbann kæranda gæti ekki talist þjóna brýnni samfélagslegri nauðsyn og færi fram úr því meðalhófi sem 8. gr. áskildi. Dómstóllinn komst því að þeirri einróma niðurstöðu að brotið hefði verið gegn 8. gr. sáttmálans.

Dómstóllinn dæmdi kæranda 25.000 evrur í miskabætur og fyrir fjártjón og 1.350 evrur vegna málskostnaðar á grundvelli 41. gr. sáttmálans.